


og minna síðan. Einkum hafa síðustu mánuðirnir verið mikil törn eins og oftast vill verða þegar tekur að liða að sýningu, og flesta daga hef ég verið við þetta sex, sjö tíma á dag, fram yfir miðnætti flest kvöld.

Það er ákaflega misjafnt, hvernig ljóð henta til þessara hluta, og margar bækur las ég, jafnvel eftir heilu skáldin, án þess að finna nokkuð sem mér leist á. Oft er verið að yrkja um svo loftkennda hluti, að ekki festir hönd á neinu, — ekki til þessara hluta, en það þurfa alls ekki að vera verri ljóð eða verri skáld fyrir það. Aðrir yrkja á hinn bóginn miklu meira um einhver sýnileg fyrirbæri, náttúrulýsingar og margt fleira.

En er ég hafði valið ljóðin, og tók að athuga hvað þar var að finna, sá ég að skipta mátti þeim í þrjá flokka: ljóð er bregða upp stemningu af margvíslegu tagi, ljóð frásagnarlegs eðlis, og loks ljóð súrrealískt eðlis, eins og til dæmis Tíminn og vatnið eftir Stein Steinarr. En í öllum þessum ljóðum hef ég reynt að komast að innsta kjarna, bæti síðan við ýmsu úr eigin hugarflugi, án þess endilega að það eigi sér stöð í ljóðinu. Ef ég ætti að reyna að lýsa þessari vinnu í fáum orðum, myndi ég kalla þetta „myndræna fantasíu“.

Góð hugmynd er dýrmæt

Já, það er gott að vera málari á Íslandi um þessar mundir,“ segir Gísli, er talið berst að aðeins jarðbundnari hlutum. „Hér er mikil gróska í myndlist, sýningar vel sóttar, sala á málverkum að ég held góð, og mikill fjöldi manna fæst við myndlistarstörf í einu eða



Yfir hrapandi jörð. Þessi mynd er ein af fjórum við Tímann og vatnið eftir Stein Steinarr.

því fram að ég hafi ekki lært af ýmsum málurum eða orðið fyrir marghátudum áhrifum frá þeim. Gömlu meistararnir eru í uppáhaldi hjá mér, og þó einkum snillingarnir Rembrandt og Rubens. Stundum finnst mér, þegar ég skoða myndlist horfinna alda eftir menn á borð við þá, að flest sem gert hefur verið á þessari öld sé frekar magurt. — Af íslenskum samtímamálurum get ég ekki nefnt neinn sem uppáhaldsmálara um þessar mundir.“

fyrir áhrifum af köllum eins og Picasso, Bacon, Hockney og hvað þeir nú heita þessir miklu áhrifa-valdar. En vandinn er sá, að meðhöndla þessi áhrif á persónulegan hátt. Listamenn þessarar aldar eru að því leyti í vandasamari aðstöðu, að krafan nú snýst svo mjög um frumleika — jafnvel frumleika hvað sem hann kostar. Mikil af þessum eltingarleik við frumleikann verður eftirsókn eftir vindi, því það er svo fátt, sem er nýtt undir sólinni.“



Hér er fjallað um haust og vetrarkvíða, en myndin er við ljóð Hanne Péturssonar, í varpanum, og heitir: Senn eru dagar sóleyanna taldir.

öðru formi. Ég hef hins vegar aldrei hugsað mér að gera þetta starf að aðalstarfi, ég vil alveg eins geta haft mitt lífibrauð af annarri vinnu, enda frjálssari í listinni með því móti. Ég er ekki á neinn hátt háður sölu á þessum verkum og ég þarf ekki að teygja mig eftir hugsanlegum kröfum markaðarins. Ef svo væri myndi ég enda vafalaust fást fyrst og fremst við landslagsmyndir, þær seljast best, og oft er eins og fólk þori ekki að gefa fólk í á fimmtugs eða sextugsafmli, neitt annað en landslagsmyndir. Þetta segi ég hvorki landslagsmálverkum eða þeim er þau mála til hnjóðs, en ég vil fá að hafa frjálsari hendur.

Já, það er gott að vera málari í dag, ég get ekki svarað því öðru vísi. Vissulega er það uppörvandi, líkt og vafalaust örvar rithöfundur er bækur hans seljast vel og vekja athygli.“

— Uppáhaldsmálarar?

„Í gegnum tíðina hafa þeir verið margir, og ég ætla ekki að halda

— Er erfitt að koma sér upp persónulegum stíl í myndlist?

„Líklega er það erfðast af öllu. Í því sambandi koma mér í hug ummæli gagnrýnanda í dagblaði nýverið. Hann sagði sem svo, að sá sem skorar mark hjá öðrum sé úr leik, og einnig það, að hugmynd sé hinn harði húsbóndi í nútímalist.“

Í þessu er verulegur sannleikur fólgin. Nauðsynlegt er að kunna til verka; hafa teiknigetu og einhverja tækni á valdi sínu, eða með öðrum orðum, það sem hægt er að læra í skóla. En það hrekkur skammt til listrænna landvinnunga, ef listamaðurinn getur ekki lagt til málanna eitthvað úr eigin reynslu og hugarheimi, sjálft inn-tak verkanna. Við getum sagt til samanburðar, að það sé gott og nauðsynlegt, að rithöfundur sé málhagur og kunni á því skil að skrifa ljósan og snjallan texta. En það út af fyrir sig dugur skammt, ef skáldið hefur ekkert að segja. Ekki er nema eðlilegt, að framan af ævinni verði myndlistarmenn

Myndir úr ljóðheimi

Sýningu sína nefnir Gísli „Myndir úr ljóðheimi“, og samanstendur hún sem fyrr segir af 60 myndum. Ljóðin, sem myndirnar hafa kviknað af, eru eftir þessi skáld:

Einar Benediktsson, Jón Helgason, Kristmann Guðmundsson, Helga Sæmundsson, Stein Steinarr, Matthías Johannessen, Snorra Hjartarson, Úlf Ragnarsson, Jóhann Jónsson, Ólaf Jóhann Sigurðsson, draummann úr Njálu, Tómas Guðmundsson, Jóhannes úr Kötlum, Þorgeir Sveinbjarnarson, Hannes Pétursson, Kristján frá Djúpalek, Halldór Laxness, Jón úr Vör, Þorstein frá Hamri, Jóhann Hjálmarsson, Jónas Hallgrímsson, höfund Sólarljóða (frá 13. öld), Nínu Tryggvadóttur, Omar Khayyam (þýðing Magnúsar Ásgeirssonar), Davíð Stefánsson, Þuríði Guðmundsdóttur og Jóhann Gunnar Sigurðsson.

— AH

Látinn Ben Nicholson


Myndlist

Valtýr Pétursson

Sjötta febrúar síðastliðinn lést í Lundúnum einn fremsti málari Breta á þessari öld, Ben Nicholson. Hann var á áttugasta og áttunda aldursári. Umdeildur mjög sem málari, sumir sáu lítið eða ekkert í hinum faguðu abströktu verkum hans, en aðrir gátu vart vatni haldið fyrir hrifningu. Ben Nicholson hafði mikil áhrif á samtíð sína, bæði heima fyrir og víða um heim. Má þar til nefna, að hann hafði nokkur áhrif hér á landi á sínum tíma, og sömu sögu er að segja allt frá ameríska meginlandinu til fjarlæggra Austurlanda. Í heimalandi sínu, Bretlandi, var

hvernig hann brást við andstreymi og velgengni um ævina. Hann var alla sína tíð upp á kant við gagnrýnendur og sagði um þá: Þeir einfaldlega sjá ekki neitt.

Foreldrar Ben Nicholson's voru málari og systir málara. Sir Williams faðir hans var vel þekktur á sínum tíma og var talinn glæsímenni. Það er sögð sú saga eftir Ben, að þegar gestir komu til föður hans og fóru að tala um list, varð móðir hans svo leið á þeirri orðræðu, að hún dró sig í hlé og sagðist ætla að taka til á eldhúsbordinu. Seinna á lífsleiðinni tileinkaði sonurinn sér þessa tækni, og vinir hans vissu vel, hvað var á seyði, er Ben stóð stundum upp í samkvæmum og sagðist ætla að taka til á eldhúsbordinu.



hann máttarstólpi nútímalistar um langan aldur. Abstraktlist átti hug hans allan síðustu áratugi, og hann sagði sjálfur um þá myndlist „Abstrakt list er ekki eign hinna útvöldu, heldur alþjóðlegt tungumál, sem á erindi til allra þjóða. Möguleikar og þensla þessarar listar á sér engin takmörk.“

Líklegast eru frægustu verk Nicholson's lágmyndir, er hann gerði í monocromi, það er að segja — hérumbil einlitar — í þessum verkum má finna nokkuð af arkitektúr, skúlptúr og málalílist. Um þessi verk hefur verið sagt, að ef einhver listaverk gætu gert kröfu til að vera fullkomin, ættu þau rétt til þess. Bretar, margir hverjir, mátu verk hans að verðleikum. Árið 1955 var haldin mikil og yfirgripsmikil sýning á verkum hans í Tate Gallery í London. Hann hafði þó alla tíð haft ímugust á stofnunum og öllu, er tilheyrði því opinbera. Því var það kaldhæðni orlaganna, er tengdasonur hans varð forstjóri Tate Gallery. Ben Nicholson var giftur hinni frægu listakonunni Barbara Hepworth og bjuggu þau um tíma í því fagra þorpi St. Ives í Cornwall, en þau skildu, og eftir það var Ben Nicholson á nokkrum vergangi, bjó um tíma í grennd við Maggiorre-vatnið á Ítalíu, en síðustu árin átti hann heima bæði í London og einnig í enskri sveitasælu.

Ben Nicholson var afar sérvitur og eru til margar sögur af, Eins og ég hef þegar minnst á, átti Ben Nicholson nokkur ítök hér á landi. Það væri hæðarleikur að benda á mörg tilfelli til sönnunar því, en látum það liggja. Hann var án nokkurs efa afar einstæður listamaður, sem byggði verk sín af einstakri nákvæmni og sérstakri viðkvæmni. Einkum og sér í lagi á þetta við um litameðferð hans, sem var svo samofin formbyggingu bestu verka hans að vart verður skilið þar á milli. Hann vann sér þann sess meðal listamanna og listunnenda í Evrópu, að með fádæmum má telja, og hann var sívinnandi allt til hinstu stundar. Um tíma bjó Ben Nicholson í návist háskólans í Cambridge, en kunni ekki alls kostar við sig í sveitasælunni. Hann flutti til London og eyddi síðustu árunum þar.

Með Ben Nicholson er horfinn einn sérstæðasti persónuleiki þessarar aldar í bresku menningarlífi. Hann var alla tíð ódæll, og það er skemmtilegur kafli í lífi hans, hvernig það opinbera gerði hverja tilraunina á fætur annarri til að fanga hann í net sitt. Að vísu tók hann við Order of Merit, sem er mesta viðurkenning, sem mönnum getur hlotnast í ríki drottningar. Þessar fáu línur eru ritadar í þeim tilgangi að þakka Ben Nicholson fyrir það framlag, er hann veitti leitandi myndlistarmönnum á þessu landi, með tilurð verka sinna og þeim lærdómi, sem af þeim var dreginn.